




Alvöru garðhúsabær: Kartöflukofarnir í Kringlumýri um 1950. Horft er yfir kartöfluræktarlönd Reykvíkinga, en neðst til hægri er vatnsgeymirinn.



Ralph Erskine, Bandaríkjunum.



Robert Graves, Bandaríkjunum.



Heikinen-Komonen, Finnlandi.

EFTIR PÉTUR H. ÁRMANNSSON OG  
ÁGÚSTU KRISTÓFERSDÓTTUR

Á Kjarvalsstöðum stendur fram til 23. júlí sýningin Garðhúsabærinn, sem snýst um skemmtilega hugmynd: Lítið hús sem hefur þann tilgang að þar er hægt að vera í friði með sjálfum sér - eða öðrum. Heimsfrægir arkitektar hafa lagt hugmyndinni lið.

**G**arðhúsabærinn (Kolonihaven) er yfirskrift sýningar á líkõnum og teikningum eftir nokkra kunnustu arkitekta heims sem stendur yfir á Kjarvalsstöðum fram til 23. júlí nk. Sýningin er sameiginlegt framlag Arkitektafélags Íslands og Listasafns Reykjavíkur til dagskrár Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000 og má óhikað telja hana einn merkasta sýningarviðburð á sviði byggingarlistar sem haldinn hefur verið hérlandis.

Sögulegur bakgrunnur sýningarinnar er sú hefð sem skapast hefur í Danmörku og víðar að fólk reisi lítill og ódýr smáhýsi á ræktunarreitum utan við borgir. Hugmyndin um garðlendar (Kolonihave) kom fyrst fram í lok 19. aldar sem liður í umbótum á aðbúnaði iðnverkafélags. Lífskilyrði almennings í mörgum borgum voru óbærileg sökum þrængsla og verkafólk krafðist bættrar aðstöðu, jafnt á vinnustað sem heima fyrir. Til að gefa almenningsi kost á aðferpi frá skarkala borganna hófu yfirvöld að úthluta

garðsvæðum til leigu utan við þéttbýlismörkin. Landsvæðið var girt af og því deilt upp í 100-200 fm. lóðir, svo til varð lítill bær eða samfélag. Í garðlandabæjunum gafst verkamönnum færi á að eiga stund með fjölskyldu sinni að afloknum vinnudegi, anda að sér hreinu lofti, stunda ræktun og gleyma amstri hversdagsins um stund. Fljótlega fóru garðeigendur að reisa frumstæð skýli til að geyma verkfæri sín og leita skjóls í. Smám saman urðu hús vandaðri og skrautlegri eftir því sem nostrað var meira við þau. Við bættust turnar og spírur, þaksvalir og súlnagöng, verandir, gluggaútskot og garðveggir í öllum stílbrigðum. Ímyndunaraflíð eitt fékk að ráða ferðinni og smám saman runnu garður og hús saman í eina, lítríka heild.

Þó svo garðhúsabæir eigi sér sterkastar rætur í Danmörku má finna hliðstæðu þeirra í flestum löndum. Sú er og raunin hér á landi, enda þótt vöxtur þéttbýlis í kjölfar iðnvæðingar hafi komið síðar til. Um og eftir 1933 var úthlutað ræktunarlöndum (erfðafestulöndum) í Kringlumýri og nærliggjandi svæðum í bæjarlandi Reykjavíkur. Hugmyndin með ræktunarlöndunum var m.a. sú að veita atvinnulausu



Arata Isosaki, Japan.

Ljósmyndir: Jens Lindhe.

fólki tækifæri til að drýgja tekjur sínar. Með aukinni atvinnu eftir stríðið fækkaði þeim sem stunduðu ræktun í atvinnuskyni. Voru reitirnir þá minnkaðir með tilliti til þess að þeir dygðu til heimilisnota. Áhugi fólks á matjurtaækt var mikill eftir stríð og um 1950 voru um tvö þúsund fjölskyldur í Reykjavík með eigin ræktunarreit. Stærsta ræktunarsvæðið var í Kringlumýri (þar sem nú eru mót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar), en auk þess voru garðlönd á Melunum, í Fossvogi, við Borgartún og í Laugardal. Í garðlöndum Reykvíkinga risu sumarskýli og jafnvel heilsársbústaðir sem nú eru flestir löngu

horfnir undir malbik og steinsteypu.

Húsin í garðlöndunum voru tvenns konar, annars vegar lítill skýli fyrir garðyrkjuáhöld og útsæði og hins vegar stærri hús, ætluð til dvalar yfir sumarið. Þau voru flest minni og ódýrari en venjulegir sumarhúsaðir enda oftast reist af efnaminna fólki. Enn í dag eiga margir höfuðborgarbúar ræktunarlönd og leita þangað í tómstundum sínum. Vísi að íslenskum „garðhúsabæ“ má finna í garðlöndum Reykjavíkur í Skammadal í Mosfellsbæ.

Árið 1994 fengu dönsku arkitektarnir Christian Lund og Kirsten Kiser þá hugmynd að efna til sýningar þar sem þrettán af kunn-

# KARTÖÖFLUKOFA